



Komið er fram nýtt frumvarp um breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, þingskjal 56 – 56. mál. Hér að neðan er viðhorf Félags um foreldraorlofsrétti til málsins þar sem hver grein er tekin fyrir.

Grein 1.: Ef forsjárlaust foreldri nýtir ekki rétt sinn getur það foreldri sem fer með forsjá barnsins sótt um sérstakan aukastyrk úr fæðingarorlofssjóði. Fjárhæð styrksins skal svara til fæðingarorlofs í þrjá mánuði.

Það hefur ætíð verið hornsteinn umræðunnar um fæðingarorlof að orlofsrétturinn geti ekki verið framseljanlegur milli foreldra, en ofangreint frumvarp leggur það til í sérstökum aðstæðum. Í ljósi þess að meðlagsgreiðendur eru í 95% tilvika feður mun frumvarpið í raun fela í sér framseljanleika fæðingarorlofs frá föður til móður. Slíkt mun hafa fordæmisgildi á öðrum sviðum kerfisins.

Það er tveggjað að tala um að “Ef forsjárlaust foreldri nýti ekki rétt sinn.”; þar sem nýtingarrétturinn er ekki valkvæður, heldur er það forsjáforeldrið sem “veitir” nýtingarréttinn. Með því að veita ekki nýtingarréttinn getur forsjárlaust foreldri eðlilega ekki nýtt sér réttindin. Þar sem það er forsjáforeldrið sem ákveður hvort forræðislaus foreldrið fái yfirhöfuð rétt til fæðingarorlofs mun framseljanleikinn búa til fjárhagslegan hvata hjá forsjáforeldrinu til að samþykkja ekki orlofsrétt – veita ekki nýtingarrétt - til forsjárlausa foreldrisins og vinnur það gegn anda sjálfra laganna. Þar með eru líkur á því að forsjárlausir feður missi í raun möguleikann á feðraorlofi, en milli 50-100 forræðislausir feður taka feðraorlof árlega..

Þar sem foreldri hefur ekki þetta ákvörðunarvald þegar forsjáin er sameiginleg mun frumvarpið stuðla að því að sameiginlegri forsjá verði hafnað á forsendum sem tengjast ekki hagsmunum barnsins, heldur þeim fjárhagslega ávinningi sem felst í því að forræðisforeldrið geti hafnað forræðislaus foreldrinu um rétt til fæðingarorlofs og fá þannig réttinn framseldan til sín. Frumvarpið skapar því hvata gegn sameiginlegu forsjánni og þar með gegn hagsmunum barna.

Félagið bendir á mikilvægi þess að styrkja sameiginlegu forsjána með heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá. Slík heimild myndi ein og sér auka sáttavilja og samstarf nýbakaðra foreldra um aðkomu beggja að uppeldi barnsins óháð fjölskyldugerð. Óeðlilegt er að annað foreldrið skuli algjörlega ráða hvernig forsjá barns skuli háttáð án neins möguleika hins til áfrýjunar. Ef til kemur fjárhagslegur hvati í frumbersku barnsins til að hafna sameiginlegri forsjá mun það veikja stöðu þeirra barna sem síst skyldi.

Sameiginleg forsjá á að vera meginregla við fæðingu allra barna enda hagsmunir allra barna að virkja ábyrgð og hlutverk beggja foreldra strax. Það er úrelt sjónarmið að sambúðarform foreldranna, eða vöntun á því, skuli ráða hlutverki og aðkomu föður.

Frumvarpinu er ætlað að ná fram réttlætismáli. Félag um foreldrajafrétti hefur mikinn skilning á því sjónarmiði að hvert barn skuli njóta foreldris í orlofi í samtals 9 mánuði í frumbersku. Mjög mikilvægt er að finna hversu margir forsjárlausir feður/foreldrar af þessum 400-500 sem ekki taka orlof, fá yfirhöfuð nýtingarréttinn og hversu mörgum er hafnað um nýtingarréttinn. Einnig væri spurning hvort lengja ætti tímenn sem forræðislausir hefðu til töku fæðingarorlofs úr 18 mánuðum í t.d 24-30 mánuði, en ákveðin hefðu í umgengnisdómum hefur skapast í þá átt að miða við 2ja ára aldur þegar barni er úrskurðaður réttur til að gista hjá föður.

Vinna þarf gegn þeirri hugsun að það sé ráðandi afl í réttindum ungs barns til umgengni við föður sinn, hversu vel móðirin þekkti hann eða hvernig þeirra sambandi var háttað. Slíkt er erfitt að réttlæta út frá hagsmunum barnsins og því má athuga hvort umrædd uppáskrift móður á nýtingarrétti til handa föður sé ekki tímaskekkja eða a.m.k. að hægt sé að áfrýja höfnun til nefndar fagfólks. Síðan væri hægt að skoða hvort kynna þurfi nógildandi reglur betur og í raun hvetja forræðislausa feður til að nýta réttinn, þ.e. að láta á hann reyna. Slíkt er sannarlega í anda laganna, stuðlar að launajafnrétti og bætir stöðu barna sem alast upp án beggja foreldra.

Niðurstaða varðandi grein 1:

Félag um foreldrajafrétti styður ekki grein 1 og leggur til að aðrar leiðir verði fundnar til að leiðrétta það hagsmunamál sem um ræðir án þess að ganga gegn anda fæðingarorlofslaganna.

Grein 2.: Í stað orðanna „tvö tekjuár“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: tvö ár.

Félagið telur að hagsmunamál sé um að ræða. Tekjuár er eðlilega valið vegna skattskila sem einfaldar úrvinnslu og sannreyningu tekna. Til eru aðrar leiðir.

Niðurstaða varðandi grein 2.

Félag um foreldrajafrétti styður greinina.

Grein 3.: Í því tilfelli þegar foreldrar í hjúskap hafa flutt lögheimili sitt til útlanda vegna náms annars foreldrisins en hitt stundar fjarnám frá Íslandi, geta þau bæði átt tilkall til undanþágu frá skilyrði um lögheimili hér á landi ef önnur skilyrði greinar þessarar eru uppfyllt.

Félagið telur að um réttlætismál sé að ræða en varar á sama tíma við því að undanþágan sé mjög sértæk og skapi fordæmi fyrir öðrum slíkum.

Niðurstaða varðandi grein 3.

Félag um foreldrajafrétti styður greinina.

F.h. Félags um foreldrajafrétti
Lúðvík Börkur Jónsson
Sími 8922327



KVENFÉLAGASAMBAND ÍSLANDS

FEDERATION OF ICELANDIC WOMEN'S SOCIETIES

ADILI AD
N.H.F.
OG
A.C.W.W.

Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík - Kennitala 710169-6759 - Sími 552 7430 - Fax 552 7073 - Netfang: kvenfels@centrum.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1456
komudagur 18.2.2008

Reykjavík 14. febrúar 2008

v/135. löggjafarþing 2007-2008
v/þskj. 56 - 56. mál.


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar og foreldraorlof,
nr. 95/2000.


UMSÖGN

Kvenfélagasamband Íslands, hér eftir skammstafað KÍ, þakkar erindi yðar, dagsett
24. jan. 2008, þar sem KÍ gefst tækifæri á að gera athugasemdir við ofangreint frumvarp.

KÍ tekur heilshugar undir framkomið frumvarp um breytingu á fæðingar og
foreldraorlofi, enda samrýmist það markmiðum KÍ um bætta hag íslenskra heimila.

Fyrir hönd Kvenfélagasambands Íslands


Hildur Helga Gísladóttir, framkvæmdastjóri



KVENRÉTTINDAFÉLAG
ÍSLANDS

Stofnað 27. janúar 1907
Hallveigarstöðum
Túngötu 14, 101 Reykjavík • Sími 551 8156
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1370
komudagur 12.2.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. febrúar 2008.

Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000, þskj. 56, 56. mál:

Kvenréttindafélag Íslands fagnar ofangreindu frumvarpi enda réttarbætur í því faldar. Að mati félagsins er það einkum til bóta að miða greiðslur við tvö ár í stað tveggja tekjuára, leiðréttir það þá mismunun sem hingað til hefur tíðkast. Þá telur félagið það og sanngirnismál að taka tillit til aðstæðna námsmanna sem búa erlendis vegna náms makans en stunda fjarnám á Íslandi, sem og að forsjárforeldri fái aukastyrk úr fæðingarorlofssjóði, nýti forsjárlausu foreldrið ekki rétt sinn.

Virðingarfyllt,
f.h. Kvenréttindafélags Íslands

Halldóra Traustadóttir,
framkvæmdastjóri

Alþingi

Erindi nr. P 135/1457

komudagur 18.2.2008

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um fæðingar og foreldra orlof nr. 95/2000

Þingmál 56

Stúdentaráð þakka fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um þetta frumvarp. Fæðingarorlofsmál eru mikilvægt hagsmunamál fyrir stúdenta og hefur Stúdentaráð undanfarin tvö ár barist fyrir breytingum á þeim lagaramma sem stúdentum og nýútskrifuðum stúdentum er sniðinn. Má þar sérstaklega nefna sumar af þeim breytingum sem urðu með lögum nr. 90/2004. Þær breytingar bitnuðu á stúdentum öðrum fremur og hafa þær haft verulega og alvarlegar afleiðingar fyrir marga stúdenta.

Þessi umsögn Stúdentaráðs er ætlað að vera stutt og hnitmiðuð en með henni fylgja tvö skjöl sem ættu að veita ágæta sýn á áherslumál Stúdentaráðs Háskóla Íslands í þessum málaflokk. Í fyrsta lagi er hér að finna athugasemdir Stúdentaráðs til starfshóps félagsmálaráðuneytisins um endurskoðun á lögum um fæðingar og foreldraorlof, en þær voru unnar á vormánuðum ársins 2007. Einnig er hér að finna skjal það er Samband íslenskra námsmanna erlendis sendi sama starfshópi af sama tilefni.

Rétt er að taka það fram að Stúdentaráð hefur ekki borið þetta frumvarp saman við frumvarp það er félagsmálaráðherra hefur nýlega lagt fram og fjallar um sama málaflokk. Stúdentaráð gerir ráð fyrir því að fá að skila umsögn um þær tillögur þegar þar að kemur.

Umfiöllun um 1. gr. lagafrumvarpsins.

Stúdentaráð telur að með þessu ákvæði yrði um mikla réttarbót yrði að ræða fyrir börn einstæðra foreldra og foreldrana sjálfa. Samvistir barna við foreldra sína á þessum fyrstu mánuðum ævinnar er mikilvægar og er að öllu leyti óeðlilegt að réttindi barna séu bundin við stöðu sambands foreldra þess.

Stúdentaráð harnar því að sambærilegt ákvæði og núverandi 6. mgr. 8. gr. laganna er ekki að finna í 18. og 19. gr. laganna, þ.e. þeim ákvæðum sem ákvarða réttarstöðu einstaklinga sem standa utan vinnumarkaðar og námsmanna. Þó að Stúdentaráð fagni því viðhorfi sem má finna í þessari tillögu frumvarpsins telur ráðið þó að eðlilegra væri að réttarstaða stúdenta og annarra fæðingarstyrksþega yrði leiðrétt í samræmi við stöðu þeirra er sækja fæðingarorlof sitt samkvæmt 8. gr. laganna.

Líkt og Stúdentaráð benti á í athugasemdum sínum, til starfshóps um endurskoðun á lögum um fæðingar og foreldraorlof, þá er ekki hægt að sjá að nein málefnaleg rök séu fyrir því að undanskilja þá sem njóta fæðingarstyrks samkvæmt 18. og 19. gr frá þessum réttindum. Við yfirlestur á rökstuðningi þeim sem er að sem er að finna í greinargerð með frumvarpinu verður ekki séð að þar sé að finna rök sem réttlæti þessa mismunun. Stúdentaráð vill því hvetja flutningsmenn sem og aðra alþingsmenn til að laga þetta misrétti sem allra fyrst.

Umfiöllun um 2. gr. lagafrumvarpsins.

Ein af þeim breytingum sem gerðar voru á lögum og reglum um Fæðingarorlofssjóð árið 2004 var sú að hætt var að miða við síðustu tólf mánuði fyrir fæðingu þegar tekjur foreldra voru metnar. Í staðinn var ákveðið að miða bæri við síðustu tvö almanaksár. Þessi breyting hefur haft þær afleiðingar fyrir einstaklinga sem nýkomnir eru úr námi að þær tekjur sem notaðar eru til útreikninga á greiðslum til þeirra úr fæðingarorlofssjóði eru í litlu samræmi við þær tekjur sem þeir hafa þegar þeir taka fæðingarorlofið. Eru dæmi þess að einstaklingar hafi hætt við að taka sér fæðingarorlof þar sem tekjumissirinn yrði of mikill.

Breytingin úr tveimur skattárum í tvö síðustu ár fyrir fæðingu yrði til mikilla bóta fyrir nýútskrifaða stúdenta. Tímabilið myndi gefa umtalsvert raunhæfari mynd af tekjum þeirra er fara í fæðingarorlof. Stúdentaráð teldi þó að eðlilegra væri ef að 12 tekjumánaða reglan væri tekin upp á nýjan leik.

Umfiöllun um 3. gr. lagafrumvarpsins.

Stúdentaráð lýsir yfir fullum stuðningi við þetta ákvæði frumvarpsins. Fjarnám verður sífellt mikilvægari þáttur í háskólanámi Íslendinga og á sama tíma verður sífellt algengara að stúdentar fari utan í framhaldsnám. Að útiloka fjarnema frá fæðingarstyrk vegna þess að þeir búa erlendis tímabundið gengur gegn markmiðum stjórnvalda um uppbyggingu þekkingarþjóðfélags og tilraunum til að efla íslenska háskólasamfélagið. Eðlilegt lagaumhverfi á að hvetja til langskóla náms en ekki setja ungt fólk í þá stöðu að þurfa að velja á milli náms og eðlilegs fjölskyldulífs.

Umfiöllun um athugasemdir flutningsmanna við framkvæmd á 8. mgr. 19. gr. laga nr. 95/2000

Stúdentaráð tekur undir allar þær athugasemdir er flutningsmenn frumvarpsins koma með hvað varðar framkvæmd á 8. mgr. 19. gr. laganna.

Í 8. og 9. mgr. 19. gr. er veitt undanþága frá reglunni um samfellt nám í sex mánuði, af síðustu tólf, í þeim tilfellum þegar einstaklingur er á leið úr námi í vinnu eða úr vinnu í nám. Stúdentaráð bendir á að miðað við afgreiðslu Fæðingarorlofssjóðs og úrskurði Úrskurðarnefndar þurfi meiri sveigjanleika þegar kemur að afgreiðslu þessara mála í þessum tilfellum. Þessi stranga krafa um samfellu hefur leitt af sér niðurstöður sem mætti telja ósanngjarnar og óeðlilegar.

Stúdentaráð bendir á það að í þessum tilfellum myndi lítilsháttar sveigjanleiki til handa stúdentum og nýútskrifuðum stúdentum gagnast mörgum.

F.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Dagný Ósk Aradóttir
Formaður SHÍ

Athugasemdir Stúdentaráðs Háskóla Íslands í tilefni endurskoðunar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof

Fulltrúar Stúdentaráðs fóru á fund með forsvarsmönnum fæðingarorlofssjóð, félagsmálaráðuneytisins og úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála þann 26. mars sl. Þar bentu stúdentar á ýmis atriði varðandi fæðingarorlofið sem snúa að námsmönnum og betur mættu fara. Stúdentaráð vill senda starfshópnum þá punkta sem það hefur einkum lagt áherslu á þegar kemur að þessari endurskoðun.

Skortur á sveigjanleika í námskröfum.

Skilgreining á fullu námi, sem fram kemur í reglugerð nr. 1056/2004, gerir kröfu um 75-100% nám í sex mánuði samfellt af síðustu tólf mánuðum fyrir fæðingu barns, og þýðir það að í flestum tilvikum er um að ræða tvær annir. Það hefur þær afleiðingar að foreldrar þurfa að skila að lágmarki 75% námsárangri báðar annir fyrir fæðingu barns. Stúdentaráð bendir á að eðlilegra væri að krafan um 75% námsárangur væri túlkuð heildstætt yfir þetta tímabil, þannig að verðandi foreldri gæti hliðrað þannig til í námi að það tæki fleiri einingar aðra önnina og færri hina. Dæmi: Barn fæðist í byrjun júní. Foreldri tekur 100% nám á haustönn, en 70% á vorönn. Eins og reglurnar eru í dag fengi þetta foreldri ekki styrk skv. 19. gr. laganna heldur 18. gr. og munar þar verulega um.

Benda má á að Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur sveigjanleika af þessu tagi í sínum reglum og nota mætti þær sem fyrirmynd.

Stúdentaráð bendir einnig á að af skiljanlegum ástæðum er líklegt að þessi skortur á sveigjanleika bitni sérstaklega illa á konum.

Tveggja skattára reglan - tekjur nýútskrifaðra stúdenta

Ein af þeim breytingum sem gerðar voru á lögum og reglum um Fæðingarorlofssjóð árið 2004 var sú að hætt var að miða við síðustu tólf mánuði fyrir fæðingu þegar tekjur foreldra voru metnar. Í staðinn var ákveðið að miða bæri við síðustu tvö almanaksár. Þessi breyting hefur haft þær afleiðingar fyrir einstaklinga sem nýkomnir eru úr námi að þær tekjur sem notaðar eru til útreikninga á greiðslum til þeirra úr fæðingarorlofssjóði eru í litlu samræmi við þær tekjur sem þeir hafa þegar þeir taka fæðingarorlofið. eru dæmi þess að einstaklingar hafi hætt við að taka sér fæðingarorlof þar sem tekjumissirinn yrði of mikill.

Stúdentaráð þekkir ástæðu þess að reglunum var breytt, en telur að vel sé hægt að koma til móts við nýútskrifaða stúdenta og gera undantekningu. er að ræða hóp þar sem, í mörgum tilvikum, tekjur hækka mjög hratt á skömmum tíma á fyrstu árum eftir útskrif og barneignir eru einnig nokkuð algengar á þessum sama tíma. Því er ekki um

fámennan hóp að ræða, heldur er það nokkuð stór hópur einstaklinga sem þessi breyting hefur bitnað á.

Samfellan – úr námi í vinnu – úr vinnu í nám

Í 8. og 9. mgr. 19. gr. er veitt undanþága frá reglunni um samfellt nám í sex mánuði, af síðustu tólf, í þeim tilfellum þegar einstaklingur er á leið úr námi í vinnu eða úr vinnu í nám. Stúdentaráð bendir á að miðað við afgreiðslu Fæðingarorlofssjóðs og úrskurði Úrskurðarnefndar þurfi meiri sveigjanleika þegar kemur að afgreiðslu þessara mála í þessum tilfellum. Þessi stranga krafa um samfellu hefur leitt af sér niðurstöður sem mætti telja ósanngjarnar og óeðlilegar.

Stúdentaráð bendir enn einu sinni á það að í þessum tilfellum myndi lítilsháttar sveigjanleiki til handa stúdentum gagnast mörgum.

Réttarstaða forsjárlausra foreldra

Í lögum um fæðingar- og foreldraorlof er meginreglan sú að réttur til fæðingarorlofs er bundinn við forsjá. Í 6. mgr. 8. gr. laganna er hins vegar heimild til undanþágu ef fyrir liggur samþykki þess foreldris sem með forsjána fer. Þessi undanþága á þó einungis við ef hið forsjárlausa foreldri á rétt á fæðingarorlofsgreiðslum skv. 8. gr. en ekki ef það á rétt á greiðslu fæðingarstyrks skv. 18. eða 19. gr.

Stúdentaráð telur engan málefnalegan grundvöll vera fyrir þessari mismunun.

Réttarstaða einstæðra foreldra

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laganna er fæðingarorlofinu skipt á milli foreldranna þannig að hvort foreldrið fær þrjú mánuði sem ekki má framselja, en svo eru þrír mánuðir til viðbótar sem að foreldrarnir geta skipt á milli sín eftir því sem hentar. Þetta getur þýtt það að það sem aðstæður eru þannig að einungis annað foreldrið er til staðar þá njóti barnið einungis sex mánaða heima með foreldri á heimilinu í stað níu mánaða.

Stúdentaráð telur að hagsmunum einstæðra foreldra í hópi stúdenta, sem og barna þeirra, yrði betur borgið ef að þeir gætu notið fyrstu níu mánuðina saman.

Samfelld taka fæðingarstyrks

Í lögum um fæðingar og foreldraorlof er meginreglan sú að taka skuli fæðingarorlof og fæðingarstyrk samfellt og í einu lagi, í 10. gr. laganna er að finna undanþágu frá þeirri kröfu þegar kemur að töku fæðingarorlofs. Sambærilega undanþágu er ekki að finna hvað varðar fæðingarstyrk.

Stúdentaráð telur að aukinn sveigjanleiki væri ráðlagður í þessum tilvikum, sérstaklega hvað varðar fæðingarstyrk skv. 19. gr. laganna. Aðstæður þeirra sem taka styrk skv. 19. gr. eru á margan hátt líkari aðstæðum þeirra sem taka fæðingarorlof 8.

gr. heldur en þær eru aðstæðum þeirra sem taka styrkinn skv. 18. gr. laganna. Stúdentaráð telur að öll rök hnígi til þess að eðlilegt sé að hafa sambærilegan sveigjanleika á töku fæðingarstyrks skv. 19. gr. laganna og fyrir hendi er á töku fæðingarorlofs skv. 8. gr. laganna.

Réttarstaða maka stúdenta í námi erlendis

Réttarstaða maka stúdenta í námi erlendis versnaði talsvert við þær breytingar sum urðu á lögum og reglum um fæðingarorlof árið 2004. Þar sem að stór hluti stúdenta við Háskóla Íslands hyggur á framhaldsnám erlendis teljum við þetta vera verulega hagsmunamál fyrir stúdenta við Háskóla Íslands. Þar sem að Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) hefur kannað stöðu þeirra sem lentu í þessum breytingum höfðum við samband við þá. Í framhaldi af því óskaði SÍNE eftir að fá að senda inn stutta útskýringu á afstöðu sinni til málsins og fylgir hún með þessu skjali.

Stúdentaráð telur að það væri rétt að endurskoða þær breytingar sem gerðar voru á réttarstöðu maka stúdenta í námi erlendis. Við teljum að aukin sveigjanleiki að þessu leiti færi vel saman við það yfirlýsta markmið núverandi stjórnvalda að skapa aðstæður fyrir þekkingarþjóðfélag hér á landi og þá sérstaklega í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur í málum lánasjóðsins, sem mun frá og með næsta hausti byrja að lána fyrir skólagjöldum í grunnámi við háskóla erlendis.

Önnur atriði er tengjast stúdentum.

Það eru vissulega fleiri atriði sem snúa að hagsmunum stúdenta. Til að mynda hafa komið kvartanir vegna vandamála tengdum veikindum stúdenta, t.a.m. vegna lágra sjúkradagpeninga og væri gott ef hægt væri að bregðast við því á einhvern hátt.

Stúdentaráð taldi þó rétt að leggja áherslu á þau atriði er hér fara á undan þar sem áberandi flestar þeirra kvartanna, sem ráðinu hafa boðist, hafa snúið að málum þeim tengdum.

Að lokum

Þetta eru nokkrir af þeim punktum sem Stúdentaráð hefur lagt hvað mesta áherslu á og snúa að hagsmunum stúdenta í tengslum við töku fæðingarorlofs og fæðingarstyrks. Það eru vissulega fleiri málefni sem koma inn á hagsmuni stúdenta, t.a.m. lenging fæðingarorlofsins í 12 mánuði sem gæti komið stúdentum verulega til góða, en ráðið telur rétt að leggja áherslu á þau atriði sem að framan hafa verið rakin.

Flest af því sem við höfum bent á er í raun skortur á sveigjanleika. Það er almenn ánægja með kerfið. Þau vandamál sem er að finna erum einkum þegar stúdentar eða nýútskrifaður stúdentar falla á milli skips og bryggju innan kerfisins. Það getur haft alvarlega afleiðingar fyrir einstakling þegar að hann er hvorki metinn til orlofs skv. 8. gr. eða styrks skv. 19. gr. heldur fellur undir styrk skv. 18. gr.

Við viljum að lokum minna á að meira en helmingurinn af þeim kærumálum sem fara fyrir úrskurðarnefndina tengjast stúdentum eða nýútskrifuðum stúdentum. Við hvetjum ykkur því til þess að koma sem mest til móts við okkur. Við trúum því að hagsmunir okkar og markmið fari að mestu leyti saman og höfum fulla trú á að niðurstaða vinnu ykkar muni verða jákvæð.

F.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Dagný Ósk Aradóttir
Formaður Stúdentaráðs

Reykjavík, 22.júní 2007

Fæðingarorlof í Danmörku

SÍNE hefur fengið fjölda ábendinga frá félögum sínum sem stunda nám í Danmörku og eignast barn meðan á námsdvölinni stendur. Er um að ræða að annar aðilinn er í námi en hinn ekki og virðast makar námsmanna hvorki eiga rétt á fæðingarstyrk í Danmörku né á Íslandi. Þegar Íslendingar hafa einungis stundað nám í Danmörku og ekki unnið þar í a.m.k. 12 vikur þá öðlast þeir ekki rétt til fæðingarorlofs í Danmörku. Tólf vikna vinnuskilyrði er ófrávíkjanlegt. Væntanlega er 12 vikna skilyrðið til þess að viðkomandi greiði tryggingagjald í Danmörku áður en farið er fram á bætur/styrk úr kerfinu. Fram til 1. janúar 2005 gat sá maki sem ekki var í námi, t.d. verðandi móðir, átt barnið í Danmörku og vegna undanþágu fengið fæðingarstyrk frá Tryggingastofnun á Íslandi, þrátt fyrir að hún væri ekki námsmaður í Danmörku og væri heldur ekki á íslenskum vinnumarkaði eða utan íslensks vinnumarkaðar, sem er eitt af skilyrðum réttinda úr fæðingarorlofssjóði, skv. lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof. Um áramótin 2004/2005 varð sú breyting gerð að ekki var lengur veitt þessi undanþága til maka námsmanna í Danmörku. Í dag er það því svo að sá maki sem er ekki í námi í Danmörku og er ekki að vinna þar í landi, þarf að flytjast heim til Íslands fyrir fæðingu barnsins og vera með lögheimili á Íslandi þegar barnið fæðist, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. um foreldra- og fæðingarorlof til að eiga rétt til fæðingarstyrks.

Þá hefur SÍNE einnig verið bent á að flutningur foreldris á lögheimili til Íslands geti í einhverjum tilvikum leitt til missis barnabóta í Danmörku. SÍNE hefur þó ekki kannað það sérstaklega en væri vert að athuga í þessu samhengi, enda vitað að barnabætur í Danmörku eru að jafnaði hærri en á Íslandi.

Upplýsingaþjónustan Halló Norðurlönd hefur verið að skoða þessi mál. Að sögn þeirra er um að ræða á milli 10-20 maka námsmanna á hverju ári. Ef breyting yrði gerð ætti hver maki rétt á fæðingarstyrk sem er um 40.000 á mánuði. Þrjú mánuðir gera þá kr. 120.000 á ári eða 240.000 að því gefnu að makinn taki einnig þá 3 mánuði sem foreldrarnir eiga sameiginlega. Vitað er að Upplýsingaþjónustan Halló Norðurlönd reyndu að vekja athygli félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra á málinu á árinu 2005. Það bar engan árangur.

SÍNE fer því á leit við félagsmálaráðherra að hún beiti sér í málinu og stuðli að breytingu. Ekki verður séð að um verulega fjárhagslega hagsmuni á ári hverju sé um að ræða fyrir ríkissjóð, en aftur á móti er hér um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða fyrir námsmenn.

Virðingarfyllst,

Hjördis Jónsdóttir
framkvæmdastjóri SÍNE

Alþingi

 TRYGGINGASTOFNUN

Erindi nr. P 135/1455
komudagur 18.2.2008

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. febrúar 2008


AKS/SLB/008/08

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, 56. mál

Vísað er til bréfs, dags. 24. janúar 2008 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Framkvæmd laga um fæðingar- og foreldraorlof er ekki lengur á verksviði Tryggingastofnunar. Af fyrri reynslu teljum við þó að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu muni ekki verða til þess að gera framkvæmd laganna flóknari, að öðru leyti en því að 2. gr. frumvarpsins geti leitt til aukinnar vinnu við eftirlit með tekjum foreldra fyrir fæðingu barns.

Virðingarfyllst,



Sigfður Lilly Baldursdóttir
forstjóri

Tryggingastofnun ríkisins
Laugavegi 114
150 Reykjavík
Sími: 560 4400
Bréfsími: 560 4451
tr.is